

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 17/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Baldri Stefáni Svavarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skjalafals. Viðurlagaákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 17. janúar 1995. Áfrýjun ákærða miðar eingöngu að endurskoðun hinnar dæmdu refsíákvörðunar. Krefst hann þess, að refsing verði milduð.

Ákærvaldið krefst þyngingar á hinn áfrýjuðu refsíákvörðun og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Pau brot, sem ákærði er sakfelldur fyrir, framdi hann aðallega á tímabilinu apríl til ágúst 1994. Brotastarfsemi hans var nánast óslitin og samfelld á þeim tíma. Tékkaþing ákærða varð sífellt umsvifameira, er á leið, en fjárhæðir einstakra tékka, sem hann falsaði, urðu í mörgum tilvikum mun hærri á síðari hluta þessa tímabils en verið hafði framan af. Framganga ákærða lýsir hörðum brotavilja, en sum þeirra brota, sem um getur í VI. kafla ákæru, voru framin einungis fáum dögum eftir, að ákærði var dæmdur til óskilorðsbundinnar refsivistar í 15 mánuði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júní 1994 fyrir brot gegn 155., 244. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu virtu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sbr. einnig 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, verður ákvörðun héraðsdómara um refsingu ákærða staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Baldur Stefán Svavarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 20. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 961/1994: Ákærvaldið gegn Baldri Stefáni Svavarssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. desember sl., á hendur ákærða, Baldri Stefáni Svavarssyni, Vallarhúsum 40 í Reykjavík, fæddum 13. október 1972, fæðingarnúmer 554.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir tékkafals með því að hafa á árinu 1994 notað í viðskiptum í Reykjavík, nema annar staður sé tilgreindur, eftirgreinda tékka, sem hann falsaði með útgefandanafnrituninni Kristján Karlsson, nema annað útgefandanafn sé tilgreint, og framvísað við sölu tékkanna ökuskírteini Kristjáns Karlssonar, kt. 110567-5109, sem ákærði hafði falsað með því að setja í það mynd af sér:

— — —

[Hér eru taldir upp 53 tékkar.]

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

— — —

Nokkrar villur eru í ákæru, þegar hún er borin saman við gögn málsins. Tékkinn í 7. lið VI. kafla er að fjárhæð 19.730 kr., en ekki 19760 krónur, og tékkinn í 4. lið VII. kafla er að fjárhæð 7.000 krónur, en ekki 8.000 krónur. Þá er tékkinn í 15. lið VI. kafla ákæru dagsettur 8. 7., en ekki 8. 6., tékkinn í VIII. kafla dagsettur 29. 7., en ekki 29. 8., og tékkinn í 1. lið IX. kafla ákæru er dagsettur 27. 7., en ekki 27. 8.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að hann hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru með framangreindum athugasemdum, sem ekki skipta máli um sök ákærða, sbr. 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991. Háttsemi ákærða er rétt færð til refsíákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann tvo dóma árið 1992, báða fyr-

ir skjalafals, annan í maí, en hinn í júní, báða skilorðsbundna í 3 ár, hinn fyrri 4 mánaða fangelsi, en hinn síðari 5 mánaða fangelsi, og var fyrri dómurinn dæmdur með. Þriðja dóminn hlaut ákærði 9. júní sl., 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Var dómurinn frá því í júní 1992 dæmdur með. Auk þessa hefur ákærði þrívegis gengist með sátt undir að greiða sektir, einu sinni árið 1990 og tvívegis árið 1991, fyrst fyrir ölvunarakstur og sætti þá sviptingu ökuleyfis í 12 mánuði, næst fyrir brot á umferðarlögum og síðast fyrir brot á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni.

Ákærði er sakfelldur í máli þessu fyrir fölsun og notkun samtals 53 tékka á tímabilinu frá því í janúar og fram í lok ágúst sl. Er samanlögð fjárhæð tékkanna 870.452 krónur. Af tékkunum eru 30 dagsettir fyrir uppsögu dómsins 9. júní sl. og samanlögð fjárhæð þeirra 285.518 krónur. Af hinum eru 22 dagsettir eftir uppsögu dómsins og 4 þeirra þegar næsta dag eftir hana, og tilraunin til sölu tékkans í 6. lið VII. kafla ákæru var gerð 25. júní sl. Þessir 23 tékkar eru að fjárhæð samtals 584.934 krónur. Samkvæmt framansögðu verður ákærða ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún með hliðsjón af hörðum brotavilja ákærða, sem heldur ótrauður áfram brotaferli þegar eftir óskilorðsbundinn refsidóm, m. a. fyrir slíkt athæfi, hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 18. september sl. kl. 15.15 til 9. september sl. kl. 16.45, þ. e. í 2 daga, vegna rannsóknar málsins, en var þá látinn hefja afplánun refsivistar. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhald þetta komi refsingu ákærða til frádráttar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Baldur Stefán Svavarsson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingu skal koma seta ákærða í gæsluvarðhaldi í 2 daga.

Ákærði greiði í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, nema annars sé getið, til greiðsludags [...].

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.